

Nd.

795. Tillaga

til þingsályktunar um, að ríkið nemi vatnsorku í Sogi o. fl.

Frá meiri hluta samvinnunefndar í fossamálunum.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina :

1. Til þess að dómstólaúrskurður fái um, hvort ríkið eða einstaklingar eigi vatnsorku landsins, —
að slá eign sinni á alla vatnsorku í Soginu, alt frá upptökum þess og þar til er það fellur í Hvítá, án þess að neinar bætur komi fyrir til einstaklinga eða fjelaga, er talið hafa sjer eignarrjett á henni. Taka þessi skal þó eigi ná til þess af vatninu, er býlum verður metið nauðsynlegt til heimilis og búsparfa.
2. Falli hæstarjettardómur í væntanlegu máli út af vatnsorkunáminu á þann veg, að einstaklingar eigi vatnsorku þá, er þeir hafa talið sjer, en eigi ríkið, —
að gera ráðstafanir til þess, að ríkið þá engu að síður nái, gegn bótum, fullum umráðum og notarjetti á vatnsorku Sogsfossanna.
3. Að láta halda áfram mælingum þeim og rannsóknum um vatnsorku o. fl. í Soginu, sem byrjað hefir verið á, og heimilast landsstjórninni til alls þessa nauðsynlegt fje úr rikissjóði.

Greinargerð

fyrir till. þessari felst í nefndaráliti samvinnunefndar í fossamálum, á þgskj. 792.